

Mál nr. 344/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Krafa um bætur úr slysatryggingu ökumanns vegna aftanákeyrslu þ. 14.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.7.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 10.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M ók Selásbraut til norðurs í umrætt sinn. Bifreiðin sem var á undan A bifreið M stöðvaði bifreið sína þegar lítill drengur fór yfir götuna og þá ók M aftan á bifreiðina. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og segist hafa orðið fyrir áverkum á hálsi, en engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á það. Ólögleg fíkniefni mældust í þvagi M eftir áreksturinn en M segir það ekki skipta máli þar sem hann hafi ekki verið undir áhrifum sem gerðu hann óhæfan til að aka bifreið í umrætt sinn. Af hálfu M er vísað til nokkurra héraðsdóma til stuðnings bótakröfu M. Í málinu liggur fyrir matsgerð Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði dags. 29.4.2011, þar sem segir m.a. “Ökumaður telst því hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar blóð- og þvagsýnin voru tekin sbr. 2.mgr. 45.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 m. síðari breytingum. “ V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi með því að hafa verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna við aksturinn í umrætt sinn. V vísar til ofangreindrar matsgerðar og telur engan vafa leika á því að samkvæmt umferðarlögum hafi M verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna í umrætt sinn. V vísar til 2.mgr. 88 gr. umferðarlaga þar sem heimilt er að lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni er meðvaldur að tjóninu af stórkostlegu gáleysi. Þá telur V þá dóma sem M vísar til ekki eiga við eða hafi verið breytt með dómi Hæstaréttar. V telur sannað með fyrirliggjandi gögnum að M hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi í skilningi laga um vátryggingasamninga og 6.gr. skilmála slysatryggingar ökumanns.

Álit.

Í ljósi niðurstöðu matsgerðar Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands dags. 29.4.2011, sem ekki hefur verið hnekkt, sbr. og 2.mgr. 45.gr. umferðarlaga hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi ekki verið undir áhrifum fíkniefna þannig að hann hafi verið hæfur til að aka bifreiðinni í umrætt sinn. M gerðist sekur um stórkostlegt gáleysi sem veldur því að heimilt er miðað við 1.mgr. 90.gr laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004, að fella niður bætur til M að öllu leyti. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 25.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.